

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Hrísbraut 2, L218845.

Gerð er breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Drumboddsstaða, sem felur í sér uppskiptingu lóðar Hrísbrautar 2 og skilgreiningu byggingarheimilda fyrir svæðið í heild sinni. Gert er ráð fyrir að nýtingarhlutfall lóða verði 0,03 og að heimild verði fyrir einu 40 fm aukahúsi á lóð í takt við heimildir aðalskipulags. Byggingarreitir annarra lóða haldast óbreyttir, en byggingarheimildir eru auknar á svæðinu í heild.

Samþykkt í sveitarstjórn 21. janúar 2021.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 5. maí 2021.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfud.: 21. maí 2021